

GJALDSKRÁ

fyrir leyfisgjald vegna hunda- og kattahalds, ásamt gjaldi vegna föngunar og vörslu óskilahunda og óskilakatta á Fljótshéraði.

1. gr.

Hunda- og kattaeygndur sem búsettir eru innan þéttbýlis sem skilgreint er í samþykktum um hunda- og kattahald á Fljótshéraði, skulu greiða leyfisgjald skv. c-lið 4. gr., 7. gr. og 8. gr. í samþykkt nr. 795/2005 um kattahald og c-lið 3. gr., 6. gr. og 7. gr. í samþykkt nr. 793/2005 um hundahald á Fljótshéraði.

2. gr.

Af hundum skal innheimta hundaleyfisgjald skv. 3. gr. að upphæð kr. 5.850 á hvern hund við skráningu.

Af köttum skal innheimta kattaleyfisgjald skv. 4. gr. að upphæð kr. 5.100 á hvern kött við skráningu.

Innifalið í leyfisgjaldi er eingöngu sá kostnaður sem bæjarfélagið verður fyrir vegna umfjöllunar, umsýslu, auglýsinga, skráningar, trygginga og aflesara. Allan annan kostnað sem til fellur vegna hunds eða kattar, skal greiða af leyfishafa.

Um vexti af vangreiddum gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari gilda almennar reglur. Um innheimtu gjalda fer samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhættir og mengunarvarnir nr. 7/1998. Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi.

3. gr.

Eigendur hunda og katta eru ábyrgir fyrir öllum kostnaði sem hlýst af brotum gegn samþykkt um hundahald og samþykkt um kattahald á Fljótshéraði, þ.m.t. óheimilli lausagöngu, handsömun, vörslu og skilum dýranna eða aflífur.

Við afhendingu handsamaðs hunds eða kattar skal leyfishafi greiða kr. 10.000 fyrir fyrsta skiptið sem hundur eða köttur er fangaður, í annað skiptið sem dýr er fangað skal greiða kr. 15.000, í þriðja skiptið sem hundur eða köttur er fangaður skal greiða kr. 20.000 og að auki kr. 1.000 fyrir hvern byrjaðan sólarhring sem hundur eða köttur hefur verið í vörslu. Miðast greiðsla vegna föngunar við fjölda skipta sem hundur eða köttur er fangaður á almanaksársgrundvelli.

Ef til aflifunar hunds eða kattar kemur, skal eigandi dýrs að auki greiða útlagðan aflifunarkostnað.

4. gr.

Ofangreind gjaldskrá var samþykkt af sveitarstjórn Fljótshéraðs þann 29. júní 2005, á grundvelli 25. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, og öðlast þegar gildi. Við staðfestingu gjaldskrár þessarar falla úr gildi eldri gjaldskrár vegna hunda- og kattahalds hjá bæjarfélaginu.

Fljótshéraði, 25. september 2005.

Eggert Már Sigtryggsson, fasteigna- og þjónustufulltrúi.